

# Stríðsbúskapur

## Grundvallar hugtök

Um fátt mun vera meira ritað á íslenzka tungu en hin efnahagslegu viðfangsefni þjóðarinnar. Það má því undrum sæta og getur varla talizt vanzalaust, að ekki skuli vera til sæmileg íslenzk orðaskrá yfir þá vísindagrein, sem um þessi efni fjallar, hagfræðina, og undirstöðuhugtök hennar. En því miður er það staðreynd, að enn sem komið er á sér þvílíkur orðagrautur, og hugmyndabrengr stað, t. d. í flestum þess kyns blaðaskrifum, að þau aðeins rugla hugmyndir almennings og eru auk þess að jafnaði tyrfin aflestrar.

Til þess að forðast allan misskilning álit ég rétt að leggja krók á leið mína og skilgreina þegar í upphafi greinar þessarar nokkur þeirra hugtaka, sem henni er ætlað að fjalla um.

Í mæltu máli hefir orðið búskapur að mestu verið einskordað við atvinnurekstur til sveita. En hér mun ég, án frekari rökstuðnings, kalla búskap allar þær framkvæmdir, sem miða að fullnægingu mannlegra þarfa. Þjóðarbúskapur er því samnefni allra einstaklingsbúskapa innan ákveðinnar ríkisheildar. Þess ber þó að geta, að þjóðarbúskapur og ríkisbúskapur er þó hvergi nærri eitt og hið sama, því að ríkisbúskapur er aðeins heildarheiti þeirra framkvæmda og athafna, sem baka ríkinu útgjalda og afla því tekna.

Á tímum eðlilegs viðskiptalífs er markmið þjóðarbúskaparins að afla sem mestra þjóðartekna með sem minnstum tilkostnaði. Þetta viðskiptaástand mætti kalla friðarbúskap þjóðarinnar.

Ef þjóðin lendir í ófriði, verða veruleg umskipti hér á. — Stríð í nútímaskilningi er ekki lengur stríð, sem eingöngu er háð af herjum viðkomandi þjóða, heldur er það eins og Ludendorff hershöfðingi nefndi það „algjört stríð“ (Der totale Krieg), sem allir einstaklingar þjóðarinnar, jafnt hermenn sem amlenningur að baki víglínanna, taka þátt í. Slíkur ófriður hneppir gjörvallt þjóðlífið í spennitreyju stríðsparfanna. Þjóðarbúskapurinn tekur þá einnig formbrigðum, friðarbúskapur breytist í stríðsbúskap. Í raun og veru tekur þjóðarbúskapurinn ekki nein-

um eðlisbreytingum, því að þjóðin notast áfram við fyrra framleiðslu- og viðskiptakerfi sitt, og lögmál þess standa að mestu óhögguð. En meginmunur stríðs- og friðarbúskapar orsakast af því, að þjóðin setur sér nýtt takmark. Í stað efnalegrar velmegunar, sem á friðartímum er aðaltakmark hennar, hefur hún nú einungis sett sér eitt höfuðmarkmið og keppikefli, það er að vinna stríðið, hvað sem það kostar. Í samræmi við þetta á í ófriði allur rekstur þjóðarbúskaparins ekki að beinast að auknum þjóðartekjum, heldur að aukinni hernaðargetu þjóðarinnar. En þar sem þjóðarbúskapurinn, eins og fyrr er getið, samanstendur af mýmörgum sundurleitum einstaklingsbúsköpum, þarf eitthvert stefnumarkandi afl að samræma þá í samfelldan markvissan þjóðarbúskap. Þetta afl hlýtur að öllu jöfnu að koma frá ríkisvaldinu, því að eins og hinn frægi ítalski fjármálafræðingur Antonio de Marco de Viti segir, þá er verkefni ríkisins „að fullnægja öllum samþörfum þegnanna. Frá alda öðli hefur öryggisþörf þegnanna verið aðal samþörf þeirra. Ríkið verður því að verja eignir þeirra fyrir innlendum fjendum og land þeirra fyrir erlendum óvinum“. Einn þátturinn í þessu starfi ríkisins er að marka stefnu þjóðarbúskaparins á ófriðartímum. Aðgerðir þessar birtast venjulega í þeirri mynd, að ríkisbúskapurinn færir mjög út kvíarnar, svo að hann að lokum beint eða óbeint tekur í sínar hendur eða hefur eftirlit með flestum greinum þjóðarbúskaparins.

## Stríðsbúskapur og viðskiptastríð

Stríðsbúskapurinn er tvíþættur, hann er bæði sóknar- og varnartæki. Þegar stríðsbúskapnum er beitt til sóknar, svipar honum mjög til annars viðskiptaástands, sem er öllu tíðara, viðskiptastríðsins. Munurinn á sækjandi stríðsbúskap og viðskiptastríði er sá, að um stríðsbúskap er ekki hægt að ræða nema því aðeins, að samtímis ríki hernaðarástand eða vopnaviðskipti fari fram, en viðskiptastríð er ótengt öllum öðrum hernaðaraðgerðum og er oft háð á þeim tímum, sem að öðru leyti eru taldir hinir friðsamlegustu. Helztu vopnin, sem notuð eru í viðskiptastríði, eru toll-



ar, inn og útflutningsbönn, gengisbreytingar o.fl. Dæmi um slík viðskiptastríð, eru t. d. verzlunarstreita Írlands og Englands á árunum 1930—35, eða þar um bil, sem keppni þýzkrar og enskrar framleiðslu á enskum markaði frá aldamótunum fram til 1914, átök sömu aðila um markaðina á Balkanskaga og Norðurlöndum á síðari árum o. s. frv. Þegar stríðsbúskapnum er beitt í sókn, er teflt fram flest öllum tækjum viðskiptastríðsins (tollum etc.), en auk þess koma þá aðrar og áhrifameiri aðgerðir til sögunnar: þvingunarsamningar við hlutlausar þjóðir, farmskoðanir, svartir listar og hafnbönn. En þótt stríðsbúskapurinn geti stundum verið skætt sóknarvopn, þá er hann þó fyrst og fremst varnartæki, og mun ég því einvörðungu skýra þá hlið málsins.

Áður en lengra er haldið, er vert að benda á þá staðreynd, að stríðsbúskapurinn getur komið fram í ólíku formi og er mjög mismunandi viðtækur og gagnger. Stríðsbúskapur þjóðar, sem er ófriðaraðili, (hlutlausar þjóðir reka einnig stríðsbúskap, eins og síðar mun vikið að), tekur venjulega nokkrum stigbreytingum. Aðalþrepin eru fjögur:

1.) Hervæðing þjóðarbúskaparins. Á þessu tímabili eru undirbúningsstörf ófriðarins unnin. Þá er reynt að rannsaka til hlítar á hvern hátt þjóðarbúskapurinn verði þegar á friðartímum búinn undir að leysa þau viðfangsefni, sem knýja kunna á dyr þegar stríðið er skolið á.

2.) Herkvaðning þjóðarbúskaparins nefnist millibilsástand, sem skapast á meðan verið er að breyta friðarbúskapnum í stríðsbúskap.

3.) Alger stríðsbúskapur er fyrst kominn á, þegar búið er til fullnustu að markra framleiðslu, dreifingu og neyzlu þjóðarinnar bús í samræmi við hernaðarþarfir hennar.

4.) Afvopnun þjóðarbúskaparins mætti svo nefna þær aðgerðir, sem miða að því að breyta stríðsbúskapnum árekstralaust í friðarbúskap.

### Hervæðing þjóðarbúskaparins

Á friðartímum hefur þjóðarbúskapurinn að mestu ótakmarkað ráðrúm til framkvæmda sinna, en á ófriðartímum verður héraðlútandi aðstæðubreyting, því að á öllum sviðum þarf þá skjótra aðgerða. Til þess að sem minnstur tími fari til spillis, er reynt að vinna sem mest að undirbúningsstörfum ófriðarins á friðartímum. Þessi undirbúningur hefur verið nefndur hervæðing þjóðarbúskaparins. Hér skal í stuttu máli gerð grein fyrir þeim markverðustu úrlausnarefnum, sem um þær mundir eru rannsökuð.

Fyrsta skilyrðið til þess að heyja ófrið með árangri er að hafa nægar vopnabirgðir. Á þessu

FRJÁLS VERZLUN

tímabili er því reynt að auka vopnaframleiðsluna og koma upp öflugum vopnabúrum. Mikið af þungaiðnaðinum verður í samræmi við þessar kröfur um stundar sakir að leggja niður sína fyrri iðju og taka upp hergagnaframleiðslu. Þetta eru frumdrög að svonefndum forðabúskapi, sem er uppistaðan í hervæðingartímabilinu. Það er safnað forða af fleiru en vopnum. Gullforði til þess að kaupa fyrir vopn, matvæli o. fl. á meðan ófriðurinn stendur yfir hefur til skamms tíma þótt engu síður nauðsynlegur en vopnabirgðir. Í þessu sambandi má t. d. geta þess, að árið 1914 hafði þýzki keisarinn í þessum tilgangi safnað fyrir all-miklum gullforða í Júlíusar-turninum í Spandau. En eftir því sem þýðing gulls í alþjóðaviðskiptum hefur minnkað, þá hefur trúin á gullforðasöfnun til hernaðar rénað. Ýmsir eru þó enn, sem ekki vilja vanmeta gildi gulls í þessum efnum, t. d. ekki óreyndari maður en generalmajor Thomas, sem er forseti þýzka viðskiptahernaðarráðsins. Sænski hagfræðingurinn Gustav Cassel hefur aftur á móti í þrjú ár barizt gegn oftrúnni á gullið sem stríðsforða og lagt til, að sænska krónan yrði að nokkru leyti tryggð t. d. með koparforða eða öðrum stríðsnauðsynjum í stað gulls.

Veigamesti viðskiptalærdómur stríðsins var, að matvæli og hráefni væri sérhverri ófriðarþjóð engu ónauðsynlegri en hergögnin sjálf. Á hervæðingartímabilinu er því reynt að safna forða matvæla og hráefnum til hergagnagaframleiðslunnar. Auk þess er með stjórnmála- og verzlunarsamningum reynt að tryggja aðflutning þessara vara á ófriðartímum. Þá er unnið að því að auka innanlands framleiðsluna á þeim nauðsynjum, sem eru af skornum skammti í landinu. Dæmi þessa er framkvæmdastefnan í þýzkum landbúnaðarmálum síðan 1933 og fjöggra ára áætlunin. En það eru fleiri en stórveldin og núverandi höfuðhernaðaraðilar, sem rekið hafa forðabúskap undanfarin ár. Smáþjóðirnar hafa einnig tekið þátt í þessum undirbúningi, t. d. vörðu Svíar í september 1938 (fyrir München-ráðstefnuna) 70 milljónum króna til kaupa á matvæla- og eldsneytisforða, Finnar vörðu í sama tilgangi 27 millj. kr. og Norðmenn 18 millj. kr. (allt danskar krónur).

Á friðartímum er hægt að semja áætlun um tilhögun framleiðslu, dreifingu og neyzlu þjóðarinnar, ef til ófriðar kæmi. Flestar stórþjóðirnar munu hafa gert þessháttar áætlanir og jafnvel sumar smáþjóðirnar líka, t. d. höfðu Svíar þegar árið 1938 gert áætlun um neytlubörf þjóðarinnar á ófriðartímum (með tilliti til hlutleysis Svíþjóðar). Ýmsar aðrar áætlanir varðandi stríðsbúskapinn eru samdar á friðartímum, t. d. mun núverandi hafnbann Breta á þýzkalandi vera rekið samkvæmt áætlun frá 1919 (sbr. Times).

En hvað sem öllum forða- og áætlanaþúskap líður,



eru þó flestir sérfræðingar í hernaðarviðskiptum sam-  
mála um, að bezti undirbúningur stríðsbúskaparins  
sé heilbrigður og fullkominn friðarbúskapur.

Engu að síður er á friðartímum unnið með mestu  
kostgæfni að samningu laga og áætlana varðandi  
stríðsbúskapinn, enda er allur varinn góður, því að  
samkvæmt amerískum upplýsingum myndi það taka  
12—20 mánuði að breyta iðnaðarkerfi þjóðarinnar frá  
friðarbúskap í stríðsbúskap, ef engin drög hefðu ver-  
ið lögð að þeim breytingum á friðartímum.

Skýr dæmi um löggjöf, sem miðar að undirbúningi  
stríðsbúskapar eru t. d. „National Defense Act“ í  
Bandaríkjunum (4. júní 1920) og frönskum herkvaðn-  
ingarlögum frá 1924. Í 4. gr. hinna siðarnefndu laga  
er komið þannig að orði: „Hin þjóðlega herkvaðning  
heimilar allar þær aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til  
þess að tryggja fullnægingu þarfa hersins og almenn-  
ings í landinu“. Auk slíkra heimilda hafa svo stjórnir  
herveldanna eins og áður er sagt í fórum sínum fjöl-  
margar áætlanir varðandi hin ýmsu svið stríðsbú-  
skaparins, svo sem fjármálaáætlun, flutningsáætlun,  
áætlun um herkvaðningu landbúnaðarins og iðnaðar-  
ins og stundum hafnbansáætlun.

### Alger stríðsbúskapur

Þegar stríðið er skolið á, koma hinar mismunandi  
áætlanir til framkvæmda eftir því sem viðkomandi  
vandamál gera vart við sig. En jafnframt hinum  
fyrirséðu viðfangsefnum skjóta oftast ótölulegir nýir  
örðuglekiar upp kollinum og við þeim verður einnig  
að finna ráð. Því verður sleppt hér að rekja feril þess-  
ara aðgerða í einstökum atriðum, en í stað þess verður  
dregin upp mynd af fullkomnum stríðsbúskap og  
viðfangsefnum hans. Fyrsta viðfangsefnið er her-  
gagnaiðnaðurinn. Menn munu þá fljótlega rekast á  
árátugagamalt deiluefni: eiga einstaklingar eða ríkið  
að reka hergagnaiðnaðinn. Skoðanir á þessu eru mjög  
skiptar. Í Frakklandi rekur ríkið að mestu hergagna-  
iðnaðinn, í Þýskalandi rekur ríkið nokkurn hluta  
hans, en hefir eftirlit og yfirstjórn hins hlutans, en  
í Englandi er hann að mestu einkaeign og hefir all-  
frjálsar hendur. Á stríðstímum verður niðurstaðan þó  
viðast hvar sú, að ríkið hefir að minnsta kosti við-  
tækt eftirlit með hergagnaframleiðslunni. Næsta við-  
fangsefnið getur orðið að flytja þungamiðju hergagna-  
iðnaðarins, eða dreifa hergagnaframleiðslunni sem  
viðast, svo að hún verði hvergi samanþjöppuð við  
landamærin eða á þeim stöðum, sem vel liggja við  
loftárásu. Að lokum þarf svo að tryggja hergagna-  
iðnaðinum bæði verkamenn og hráefni. Það er oft  
torleyst vandamál að afla iðnaðinum og sér í lagi  
hergagnaiðnaðinum faglærða verkamenn á ófriðar-  
tímum, því að á hvern hermann, sem berst á víg-  
stöðvunum, verða að koma að minnsta kosti tveir  
verkamenn, sem vinna að framleiðslunni inni í land-  
inu. Til þess að leysa þetta vandamál er venjulega  
komið upp vinnumiðlunarskrifstofum víðsvegar um  
landið, innleidd vinnuskýlda og heimilaðir þvingaðir  
flutningar á verkamönnum milli héraða.

Hráefnin, öflun þeirra og skipting þeirra milli iðn-  
greina veldur venjulega bæði erfiðleikum og óánægju  
í ófriði. Þessi mál eru því t. d. í Þýskalandi og Eng-

landi falin sérstökum ráðuneytum. Iðnaðarframleiðsl-  
an er síðan skipulögð í heild, og bæði í Þýskalandi  
og Englandi ákveða ráð, skipuð iðjuhöldum og hern-  
aðarsérfræðingum, hvað framleiða skuli og hversu  
mikið.

Engu þýðingarminni er matvælaframleiðslan. Í  
Þýskalandi eru þau mál nú skipulögð undir „Reichs-  
nährstand“, og í Englandi fer sérstakt matvælaráðu-  
neyti með þau.

Dreifing framleiðslunnar tekur einnig gagnagerum  
breytingum. Verzlunin við útlönd er að jafnaði sett  
undir eftirliti ríkisins, sem leggur bann við út-  
flutningi einstakra vörutegunda, en út- og inn-  
flutningur annarra vara verður háður leyfum þar til  
skipaðrar nefndar. Á innanlandsmarkaðinum er  
dreifingin síðan skipulögð út í yztu æsar. Fyrst tek-  
ur ríkið flutningstækin í sínar hendur eða setur þau  
undir eftirlit. Enska stjórnin hefir t. d. nú yfirtekið  
járnbrautirnar, sem voru einkaeign (hlutafé þeirra  
var hálfur milliárd sterl.pd.), og siglingaflotinn hefir  
bæði í Englandi og Þýskalandi verið settur undir  
ríkiseftirlit. Allir flutningar á framleiðslunni fara  
fram undir ríkiseftirliti. Vörunum er síðan dreift til  
neytendanna eftir hnitmiðuðu skömmtunarkerfi.

Ríkið lætur verðlag framleiðslunnar til sín taka,  
sem og allar launagreiðslur, álagningu og arð. Í síð-  
asta stríði voru ýmist sett ákvæði um hámarksverð  
eða fastaverð, í sumum ófriðarlöndum og hlutlausum  
löndum hefir þetta kerfi verið endurvakið. Fjármála-  
ráðherra Svía, Wigforss, hefir komið fram með til-  
lögu, sem stefna á þessum málum í umbótaátt í Sví-  
þjóð. Hann leggur til, að tekinn verði upp svonefnd-  
ur „normalpris“, sem að vísu á að vera fastaverð, en  
á þó að leyfa að hækka og lækka, ef eðlilegar ástæður  
virðast vera fyrir hendi.

Í launamálunum skilja leiðirnar. Sums staðar verður  
vegna aukinnar yfir- og næturvinnu eða hækkaðs  
tímakaups töluverð kauphækkun. Undir eins og hag-  
ur þjóðarbúskaparins tekur að þrengjast er þó venju-  
lega ákveðið fastakaup og aukagreiðslur fyrir yfir-  
vinnu jafnvel bannaðar. Enska hagfræðingurinn J. M.  
Keynes hefir nýverið í tveim blaðagreinum í Times  
komið fram með mjög frumlegar tillögur til úrbóta  
á þessum sviðum. Hann vill láta taka samkvæmt lög-  
boði nokkurn hluta af öllum launum (hlutinn á að  
minnsta kosti að nema allri launahækkuninni) og  
leggja í sjóð. Fé þetta á ríkið að ávaxta með 2½%  
vöxtum, og þegar stríðinu er lokið, á það að koma til  
útborgunar eftir föstu kerfi. Á þennan hátt vill hann  
minnka kaupmáttinn og þá um leið neyðsluna á með-  
an ófriðurinn stendur yfir og síðan nota þennan sam-  
ansparaða sjóð til þess að darga úr kreppunni, sem  
líklegt er að sigli í kjölfar stríðsins.

Í sumum ófriðarlandanna gera stjórnarvöldin ráð-  
stafanir til þess að skattleggja eða fyrirbyggja hinn  
svonefnda stríðsgróða. Í Þýskalandi hefir síðan í  
heimsstyrjöldinni verið megn andúð á þessu fyrir-  
brigði, og því verið sett ströng ákvæði til þess að tor-  
velða myndun stríðsgróða, en í Englandi var þessum  
málum hreyft á þinginu sumarið 1939, en náðu ekki  
fram að ganga.

Allur þorri þeirra aðgerða, sem hér hafa verið tald-



ar upp, beinast eingöngu eða að mestu leyti að öðru æðakrefi þjóðarbúskaparins, vörustraumnum, en hitt kerfið, peningastraumurinn, er engu þýðingarminni fyrir allt viðskiptajafnvægið. Fyrstu framkvæmdirnar á því sviði felast vanalega í því, að allar greiðslur til óvinabjóðanna eru stöðvaðar, því samfara er oft komið á almennu gjaldeyriseftirliti. Innan lands er reynt að koma í veg fyrir truflanir á kauphallarviðskiptum og að almenningur tæmi bankana í augnabliks hræðslu. Varúðarráðstafanir felast aðallega í því, að afnumin eru skylduákvæði bankanna til þess að innleysa seðla sína í gulli, og bann er lagt við að taka nema ákveðna fjárhæð úr bankanum á dag.

Hér hafa verið tindir til flestir meginþættir stríðsbúskaparins. Auðvitað eru ráðstafanir ríkisstjórnanna mjög mismunandi viðtækar í hinum ýmsu löndum, allt eftir því hvað nauðsyn krefur og hve viðtækt valdsvið stjórnarinnar er.

### Stríðskostnaður

Öll stríð eru dýr.

Ernst L. Bogart áttar, að beinn stríðskostnaður allra þátttakenda heimsstyrjaldarinnar hafi numið 186 milljörðum dollara, en ef óbeini kostnaðurinn sé talinn með, muni upphæðin nálgast 337 milljarða dollara. Frá því heimsstyrjöldinni lauk, hefir hernaðartækninni fleygt fram, en því fullkomnari sem hergögnin hafa orðið, þeim mun kostnaðarsamari hefir framleiðsla þeirra verið. Samkvæmt áætlun Instituts für Konjunkturforschungen í Berlín var alþjóða hernaðarkostnaður árið 1936 24–31 milljarður ríkismarkar. Þetta eru svo óvenju háar tölur, að maður á bág með að átta sig á þeim, en þær ættu þó samt að gefa einhverja óljósa hugmynd um þann ógnarkostnað, sem því muni vera samfara, þegar allri framleiðslugetu stórveldanna er beint að framleiðlu hergagna, og öll hernaðargeta þeirra miðar að því að eyðileggja þessi sömu hergögn.

Enn sem komið er liggja auðvitað engar tæmandi skýrslur fyrir um hernaðarkostnað hinna einstöku þjóða í yfirstandandi ófriði. Nokkrar tölur um kostnað Englendinga ættu þó að geta gefið vísbendingu í þessa átt. Frá stríðsbyrjun til áramóta, á 134 dögum, greiddu Englendingar £ 625,2 milljónir í beinan stríðskostnað. Fyrstu 42 dagana var meðal kostnaður £ 3,88 milljónir á dag. Í desember var daglegur hernaðarkostnaður þeirra kominn upp í £ 6,32 milljónir, og ekki er talið ólíklegt, að innan skamms muni dagkostnaðurinn nema allt að £ 10 milljónum, að minnsta kosti hefir „The Economist“ álitid árskostnaðinn £ 4000 milljónir ekki ósennilegan!

Vafalaust er kostnaður hinna stríðsaðilanna hlutfallslega jafnmikill og Englendinga.

Við lestur þessara tröllauknu talna hlýtur að vakna hjá mönnum sú spurning, hvernig ríkisstjórnir ófriðarþjóðanna fá peninga til þess að standast straum af hinum gífurlega styrjaldarkostnaði.

Í heimsstyrjöldinni miklu fundu þáverandi ríkisstjórnir þrjár leiðir til þess að kljúfa stríðskostnaðinn:

1) Skatta, 2) Lántökur, 3) Seðlaútgáfu ríkisins.

Englendingar ráku ófriðinn að verulegu leyti með því fé, sem ríkisstjórnin fékk handa í milli, sökum

aukinna skatta. Þjóðverjar beittu aftur að mestu lántökum fyrir sig og urðu að lokum að grípa til aukinnar seðlaútgáfu. Raunar neyddust flestar ríkisstjórnir áður en lauk til þess að meiru eða minna leyti að auka seðlaveltuna óhóflega og á þann hátt að orsaka verðbólgu.

Leiðirnar til þess að afla fjár til greiðslu á stríðskostnaðinum eru enn sem fyrr aðeins þrjár, en eftir því sem séð verður á því hálfa ári, sem ófriðurinn hefir staðið, virðast hafa orðið nokkrar breytingar á fjármálastefnu hinna einstöku þjóða saman borið við stefnu þeirra í heimsstyrjöldinni. Englendingar ætla nú í ríkara mæli en í fyrra stríði að greiða ófriðarkostnaðinn með lánsfé. Þjóðverjar þar í móti munu beita meira fyrir sig sköttum. Þeir hafa nú þegar lögtekið hernaðarskatt, sem er innheimtur sem tekjuskattsauki, auk þess hafa þeir hækkað toll á víni, tóbaki og bjór. Að svo miklu leyti sem þjóðverjar taka lán, eru þau stutt rekstrarlán í formi hinna svonefndu „Schatzwechsel“, „Schatzanweisungen“ o. s. frv. Hvað Frökkum viðvíkur hefir Paul Renaud tilkynnt, að stjórn hans muni ekki grípa til seðlaútgáfu eins og gert var í síðasta stríði, heldur fara lánaleiðina.

Hvort skattatekjur eða lántökur eru heppilegri til þess að greiða hernaðarkostnað er deiluefni meðal hagfræðinga, en eitt eru allir ásáttir um, að hættulegt sé að auka seðlaveltuna úr höfi fram. Enda eru nú allar ríkisstjórnir á einu máli um að stýra beri hjá þeim boða.

### Stríðsbúskapur hlutlausra þjóða

Í ofanritaðri grein hefir verið reynt að skýra hagfræðilega fyrirbrigðið stríðsbúskapur. Stríðsbúskapur er eins og á hefir verið bent fyrst og fremst þjóðarbúskapur ríkis, sem á í ófriði. Í raun og veru er þó þjóðarbúskapur hlutlausu þjóðanna á ófriðartímum einnig stríðsbúskapur, því að þær verða að meira eða minna leyti að grípa til þeirra ráðstafana, sem taldar hafa verið einkennandi fyrir stríðsbúskapinn. Í heimsstyrjöldinni miklu voru t. d. í Danmörku skipaðar 40 nefndir, sem stjórna áttu og skipuleggja hinar ýmsu greinar þjóðarbúskaparins. Í núverandi ófriði höfðu Danir þegar skipað hið svonefnda „Erlerversökonomiske Raad“, sem telur 43 meðlimi og stjórnar 10 undirnefndum. Svíar hafa einnig komið á mörgum stjórnarnefndum til þess að hafa eftirlit með atvinnulífnum og almenningsafkomunni, t. d. matvælaráð, verðlagsnefndir o. s. frv. Enda er allur þjóðarbúskapur þeirra mótaður af ófriðarástandinu, eins og sjá má af upplýsingum sænska hagfræðingsins Bertil Ohlin, sem heldur því fram, að Svíar eyði 150 milljónum Sv. kr. á mánuði í vígbúnað. Það eru hvorki meira né minna en 15% af öllum þjóðartekjunum (venjulega verja þeir 3–4% af þeim til vígbúnaðarins). Til þess að standast þenna mikla kostnað hafa Svíar að hætti ófriðarþjóða orðið að taka upp landvarnarskatt, sem kemur fram sem 50% hækkun á tekju- og eignaskattinum.

Það er ástæðulaust að rekja frekar hinar einstöku stríðsaðgerðir hlutlausu þjóðanna, því að þær eru í eðli sínu ekkert frábrugðnar stríðsbúskap ófriðarþjóðanna, aðeins ekki jafn viðtækar og gagngerðar.